

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar

Starfsáætlun 2023 (tillaga)

Um starf skipulagsnefndar gildir „Samþykkt fyrir skipulagsnefnd Mosfellsbæjar“ sem samþykkt var í bæjarstjórn 13. apríl 2011, sjá:

<https://mos.is/stjornsysla/baejarstjorn-rad-og-nefndir/reglur-og-samthyktir/skipulagsnefnd>

Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru þar skilgreind á eftirfarandi hátt:

3. gr. Hlutverk nefndarinnar er að:

- gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulagsmálum og hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.
- hafa forræði í skipulagsmálum í bæjarfélaginu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.
- leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í skipulagsmálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.
- fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.

- að vera bæjarstjórn til ráðuneytis í skipulagsmálum.

4. gr. Verkefni nefndarinnar eru að:

- fara með verkefni samkvæmt skipulagslögum og reglugerðum og samþykktum bæjarstjórnar og fylgjast með að ákvæði þeirra séu haldin.
- hafa umsjón með samkeppnum um skipulag, skipun dómnefnda og úrvinnslu á tillögum.
- að fara með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum.
- gera tillögur til bæjarstjórnar um skipulag almenningsgangna í Mosfellsbæ, m.a. akstursleiðir og staðsetningu biðskýla.
- vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

Starfshættir

Reglulegir fundir nefndarinnar eru annan hvern föstudag kl. 7.00-9.00, í þeirri viku sem bæjarstjórn fundar ekki. Á sumarleyfistíma er alla jafna gert hlé á störfum auk þess sem fundir færast til beri þeir upp á almenna frídaga.

Boðað er til funda með rafrænum hætti 48 tímum fyrir fund. Fundargögn skulu þá vera aðgengileg í starfsmannagátt.

Verkefni 2023

Á dagskrá nefndarinnar fer á hverjum tíma jafnan mest fyrir innsendum erindum og fyrirspurnum varðandi skipulagsmál og umfjöllun um skipulagstillögur á ýmsum stigum.

Meðal verkefna sem eru í vinnslu eða undirbúningi:

Lok endurskoðunar aðalskipulags, 1. áfangi Blikastaðalands, deiliskipulag 6. áfanga Helgafellshverfis, deiliskipulagsbreytingar við Bjarkarholt og miðbæjargarð, skipulag Borgarlínu og umferðar í miðbæ, verndarsvæði í byggð við Álafossvos, umferðaröryggisáætlun auk smærri breytinga og skipulagsáforma.

Uppbygging á athafnarsvæði Blikastaðalands, 5. áfanga Helgafellshverfis og Hamraborgar við Langatanga.

Fundaplan

Áætlaðir fundardagar nefndarinnar 2023 eru sem hér segir:

581. fundur	13.01.2023	Fyrsti fundur ársins
582. fundur	27.01.2023	
583. fundur	10.02.2023	
584. fundur	24.02.2023	
585. fundur	10.03.2023	
586. fundur	24.03.2023	Síðasti fundur fyrir páska
587. fundur	21.04.2023	Færist mögulega vegna sumardagsins fyrsta
588. fundur	05.05.2023	
589. fundur	19.05.2023	Færist mögulega vegna uppstigningardags
590. fundur	02.06.2023	
591. fundur	16.06.2023	
592. fundur	30.06.2023	Síðasti fundur fyrir sumarleyfi
593. fundur	11.08.2023	Fyrsti fundur eftir sumarleyfi
594. fundur	25.08.2023	
595. fundur	08.09.2023	
596. fundur	22.09.2023	
597. fundur	06.10.2023	
598. fundur	20.10.2023	
599. fundur	03.11.2023	
600. fundur	17.11.2023	
601. fundur	01.12.2023	Hugsanlega síðasti fundur fyrir jól
602. fundur	15.12.2023	Aukafundur

Samtals 22 fundir.

Að auki verða áætlaðir 6 sérstakir aukafundir vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar.

Fundanúmer gætu því tekið breytingum frá því sem þessi drög sýna.

Dagsetningar og fundarefni geta breyst í samráði við formann nefndarinnar.

Boðað er til funda eins og kveðið er á um í samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllst,

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi.